ÁRSSKÝRSLA 2025

Verkmenntaskóli Austurlands

Ársskýrsla 2025

Verkmenntaskóli Austurlands í Fjarðabyggð var stofnaður árið 1986 og byggir hann á gömlum grunni sem nær allt aftur til ársins 1943, þegar Iðnskólinn í Neskaupstað tók til starfa.

Í boði eru námsbrautir til stúdentsprófs, iðn- og starfsnámsbrautir, framhaldsskólabraut og starfsbraut. Námið er í boði eftir ýmsum leiðum, s.s. í dagskóla, fjarnámi, dreifnámi og helgarnámi.

Sérstaða skólans í dag endurspeglast hvað helst í því að hann er eini skólinn á Austurlandi sem býður upp á fjölbreytt iðn- og starfsnám og er hann í góðum tengslum við atvinnulífið á svæðinu.

VERKMENNTASKÓLI AUSTURLANDS

Samvinna - þekking - árangur

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta er viðkemur starfsemi og rekstri Verkmenntaskóla Austurlands 2025.

Skólastarfið gekk vel árið 2025. Nemendafjöldi skólans er nokkuð stöðugur en sífellt er sótt fram með námsframboði sem er í takti við þarfir samfélagsins hverju sinni. Á árinu hófst nám í skipstjórn til A-stigs og fór það vel af stað. Í júlí var Birgir Jónsson skipaður skólameistari til fimma ára en hann hafði verið settur skólameistari eftir að fyrrum skólameistari, Eydís Ásbjörnsdóttir, settist á þing.

Verklegt val í VA, samstarfsverkefnið með grunnskólunum í Fjarðabyggð, hefur verið starfrækt frá árinu 2021 og hefur aukið aðsókn nýnema í iðn- og starfsnám. Verkefnið hlut íslensku menntaverðlaunin árið 2024 og hefur því verið haldið áfram.

Í skólanum er virkt umhverfisstarf og hefur hlotið Grænfánann fjórum sinnum en mikil rækt er lögð við umhverfisstarfið. Gerður Guðmundsdóttir kennari hefur leitt starfið.

VA hefur um árabil lagt áherslu á erlent samstarf. Verkefni eins og Erasmus veitir nemendum okkar einstakt tækifæri til að læra og starfa á alþjóðlegum vettvangi. Þátttaka í þessum verkefnum eykur ekki aðeins þekkingu og hæfni heldur víkkar einnig sjóndeildarhring nemenda og starfsfólks.

Fjöldi nemenda hefur tekið þátt í Erasmus á árinu og einnig hafa nemendur og starfsfólk heimsótt skólann okkar heim. Þannig hafa gömul tengsl verið styrkt og ný myndast.

Mikill kraftur hefur verið í starfi Fab Lab Aust eftir ráðningu Ólafar Þórönnu Hannesdóttur í starf verkefnisstjóra smiðjunnar. Fjöldi námskeiða, stórra og smárra, hefur verið haldinn og áhugi almennings á skapandi starfi er að aukast. Það verður gaman að fylgjast með framhaldinu.

Smáskipanámið hefur haldið áfram og mikil aðsókn hefur verið í námið og gríðarlega mikilvægt að geta boðið upp á þetta í heimabyggð í staðinn fyrir að nemendur þurfi að fara um langan veg til þess að geta lagt stund á það. Eins og fyrr sagði var byrjað að bjóða upp á nám í skipstjórn til A-stigs og fer það vel af stað.

Við horfum til framtíðar full bjartsýni og höldum áfram að þróa námsframboð í takt við þarfir samfélagsins. Stóra verkefnið framundan er að tryggja að framkvæmdir við nýja trésmíðadeild hefjist fyrr en núverandi áætlanir gera ráð fyrir. Það er of langt að bíða fram yfir árið 2031. Við þurfum öll að standa saman um framhaldsskólann okkar og muna að við þurfum ekkert að leita lengra eftir gæðamenntun. Hún er nefnilega í heimabyggð!

Birgir Jónsson skólameistari

HLUTVERK & MARKMIÐ

Verkmenntaskóli Austurlands er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla, framhaldsskólalögum og öðrum lögum og reglugerðum sem snerta skólastarf á framhaldsskólastigi. Skólinn hefur að leiðarljósi þá grunnþætti menntunar sem tilteknir eru í Aðalnámskrá framhaldsskóla: Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð ásamt sköpun.

Skólinn leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt nám og mæta ólíkum áhugasviðum og hæfileikum nemenda. Sérstakt tillit er tekið til austfirsks samfélags í skólastarfinu og því er mikilvægt að byggja upp góð tengsl við aðra skóla, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök í landshlutanum.

Verkmenntaskóli Austurlands er eini skólinn á austanverðu landinu sem gefur nemendum kost á að leggja stund á nám á iðn- og starfsnámsbrautum auk bóknámsbrauta. Þessi sérstaða skólans krefst þess að markvisst sé unnið að kynningu á því námi sem boðið er upp á.

Í skólastarfinu er leitast við að veita góða kennslu, auka víðsýni nemenda, hvetja til gagnrýninnar og skapandi hugsunar, efla samvinnu og tillitssemi og hvetja til virðingar fyrir umhverfi og samfélagi. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendum gefist tækifæri til þátttöku í heilbrigðu og þroskandi félagslífi. Þá vill skólinn veita nemendum stuðning eftir þörfum og sem fullkomnasta aðstöðu til náms og félagslegra athafna.

SAMVINNA - ÞEKKING - ÁRANGUR

STEFNUMIÐUÐ ÁÆTLUN

Frá haustinu 2016 hefur stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára verið skilað árlega til MRN, til að koma til móts við 31.-32. gr. laga um opinber fjármál. Liður í stefnumiðaðri áætlun er að setja markmið fyrir kjarnastarfsemi og rekstrarþætti og árangursmælikvarða sem gefa vísbendingar um hvort markmið hafi náðst. Hér á eftir má sjá markmið VA fyrir árin 2025- 2027 og hvernig skólinn vinnur markvisst að því að ná markmiðum sínum.

KJARNASTARFSEMI - *MARKMIÐ*

1. Minnka brotthvarf úr námi

2. Efla gæði bók- og starfsnáms

3. Stuðla að aukinni aðsókn í starfs- og tækninám

Til þess að ná settum markmiðum hafa verið settar fram ýmsar aðgerðir. Áhersla er á öfluga eftirfylgni með nemendum og stuðning í gegnum umsjónarkennara og nemendaþjónustu. Einnig að skapa öflugan vettvang í kringum farsældina í samstarfi við félagsþjónustuna. Unnið verður markvisst að forvörnum með breytilegum áherslum í takt við niðurstöður rannsókna innan skólans. Einnig verða hópastærðir í kjarnagreinum á fyrsta þrepi í lágmarki til að efla stuðning við nemendur.

Markvisst er fylgst með viðhorfi nemenda til kennslu og aðstöðu í skólanum og áhersla er lögð að rýna niðurstöður áfangamats. Að sama skapi hefur verið lögð áhersla á að bæta aðbúnað nemenda og starfsfólks, m.a. með endurnýjun tækjabúnaðar í verknámi í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu.

Til þess að efla gæði náms og kennslu er stuðst við markviss starfsmannasamtöl, framvindumat gæðakerfisins og eftirfylgi þess. Skólinn starfar samkvæmt vottuðu gæðakerfi eftir ISO 9001 staðli.

Unnið er markvisst að aukinni aðsókn í starfsnám og vinnur VA með fyrirtækjum á svæðinu og orðum starfsnámsskólum að kynningum. Að sama skapi heldur skólinn Tæknidag fjölskyldunnar og er markmið skólans að stuðla þannig að öflugu kynningarstarfi. Alla jafna koma um 15% íbúa fjórðungsins á Tæknidaginn.

Auk þess hefur skólinn frá árinu 2021 unnið að verkefninu Verklegt val í VA með grunnskólum Fjarðabyggðar sem hefur skilað sér í aukinni aðsókn í starfsnámsdeildir skólans. Verkefnið mun halda áfram.

REKSTRARÞÆTTIR - *MARKMIÐ*

1. Efling mannauðs

2. Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

3. Starfsánægja.

Til þess að ná settum markmiðum hafa verið settar fram ýmsar aðgerðir. Áhersla er á aukið aðgengi að námskeiðum og jafningjafræðslu innan skólans með fagfundum sem og aðgengi að skólaheimsóknum og námskeiðum erlendis.

Hvatakerfi til þess að styðja við endurmenntun starfsfólks var komið á í gegnum stofnanasamning.

Starfsmannasamtöl hafa verið fest í sessi og á allt starfsfólk að fara í samtal a.m.k. einu sinni á skólaári.

Ice Lagoon Höllin
CRAFT
13:32
OSINN
N1
Áfram VA!
Áfram VA!

NEMENDUR

VORÖNN 2025

Nemendafjöldi: 476

- 121 dagskólanemandi
- 355 fjar -og dreifnemar

HAUSTÖNN 2025

- Nemendafjöldi: 606
- 111 dagskólanemendur
- 123 grunnskólanemendur í verklegu vali
- 372 fjar og -dreifnemar

NÁMSFRAMBOÐ

Námsframboð við Verkmenntaskóla Austurlands er afar fjölbreytt.

Flestar námsbrautirnir eru í boði í dagskóla. Þess utan er skipstjórn, sjúkraliðanám og námsbrautir fyrir leikskólaliða, iðnmeistara og stuðningsfulltrúa í fjarnámi. Sjúkraliðanámið í VA er kennt í samvinnu við tvo aðra framhaldsskóla, FNV og MÍ, og er hluti af samstarfi innan Samlands. Iðnmeistaranámið er í samstarfi við MÍ.

Skólinn býður einnig upp á fjölbreytt námsframboð í fjarnámi í fögum sem nýtast upp í stúdentsbrautir og einnig í bóklegum áföngum í iðngreinum.

Iðnnámsdeildir skólans eru byggingaiðndeild, háriðndeild, málm- og véltæknideild og rafiðndeild. Ein þeirra er í boði bæði í dagskóla og dreifnámi en það er rafiðndeildin. Þar er fagbóklegt nám í boði í fjarnámi og vinnustofur fyrir verklegan þátt námsins utan dagvinnutíma þrisvar í viku.

Haustið 2023 var farið af stað með helgarnám í húsasmíði vegna þess að ekki var hægt að taka við öllum nemendum inn í dagskóla. Þar er fagbóklegt nám í fjarnámi og helgarlotur fyrir verklegan þátt námsins. Nýr hópur var tekinn inn haustið 2025.

Kennsla í háriðn hófst á ný á haustönn 2024 eftir hlé. Síðast voru nemendur í háriðn á vorönn 2021. Vonir standa til að hægt verði að halda áfram en það veltur á því að nemendur sæki um námið.

Þrjár námsbrautir eru til stúdentsprófs í skólanum, félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut og opin stúdentsbraut. Opna stúdentsbrautin er vinsælasta braut skólans þar sem nemendur taka helming brautarinnar í kjarna og geta svo valið úr fjölbreyttu námsframboði skólans til að fylla upp í síðari helminginn. Einnig hefur verið að færast í aukana að nemendur á iðnnámsbrautum taki viðbótarnám til stúdentspróf samhliða.

STARFSFÓLK

Á ársgrundvelli voru 34 stöðugildi við skólann sem skiptust í 24 við kennslu og 10 við rekstur og þjónustusvið.

KENNSLUSVIÐ

Alls störfuðu á kennslusviði 36 á vorönn en 32 á haustönn og var hluti þeirra í 25%-50% starfi. Á báðum önnum þurfti að kaupa inn kennslu í iðn- og bóknámi sem nam um 1,5 starfshlufalli. Auk þessa var einn kennari í námsorlofi á haustönn. Fjórir kennarar voru einnig deildarstjórar samhliða fullri kennslu þ.e. á öllum iðnnámsbrautum og þroskaþjálfi er deildarstjóri starfsbrautar. Meðalaldur kennara skólans er 46 ár.

ÞJÓNUSTUSVIÐ

Á ársgrundvelli voru á rekstrar og þjónustusviði um 10 stöðugildi sem skiptast í: skólameistara, aðstoðarskólameistara, fjármála- og skrifstofustjóra, húsvörð, aðstoðarhúsvörð, ræstitækna (hluti af ræstingu er keypur í verktöku), náms- og starfsráðgjafa, áfangastjóra, kerfisstjóra, nemendagæslu á heimavist og verkefnastjóra í FabLab smiðju (sinnir kennslu samhliða).

STJÓRNENDUR

Samkvæmt skipuriti skólans eru fjórir aðalstjórnendur við skólann; skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármála- og skrifstofustjóri. Allir þessir aðilar eru í fullu starfi. Fjármála- og skrifstofustjóri sér um almenna fjármálastjórn og bókhald, þjónustu á skrifstofu og rafræna skjalastjórn.

Auk aðalstjórnenda stýra fjórir deildarstjórar fagsviðum í iðnámi og deildartjóri er á starfsbraut, þetta eru hlutastörf samhliða kennslu og teljast þeir því einnig með kennslusviði hér ofar.

Kærleiksdagar 2025

í marsmánuði ár hvert eru haldnir Kærleiksdagar í VA. Ýmiss konar uppbrot fer fram þessa daga og er áherslan á að láta gott af sér leiða.

VERKMENNTASKÓLI AUSTURLANDS

SAMSTARF

Skóli er hluti af samfélagi sínu, hvort sem um ræðir nærsamfélag hans eða menntasamfélag í heimi þar sem fjarlægðir verða sífellt minni vegna tækniframfara og aukinna ferðalaga. VA á í víðtæku samstarfi út fyrir skólann við hina ýmsu aðila og hafa áhrifin jákvæð áhrif á þróun og eflingu skólans.

SAMSTARF VIÐ NÆRUMHVERFI OG ATVINNULÍF

VA stendur í nánum tengslum við umhverfi sitt og atvinnulífið. Nokkuð er um að einstaklingar úr atvinnulífinu komi inn og kenni staka áfanga í iðn- og starfsnámi við skólann og eru þau tengsl við vinnumarkaðinn dýrmæt. Einnig hefur atvinnulífið stutt við skólann með styrkjum til kaupa á tækjabúnaði. Loks má nefna að árlega er *Tæknidagur fjölskyldunnar* haldinn í VA í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á Austurlandi og landinu öllu. Stjórnendur skólans hafa einnig heimsótt fyrirtæki heim með það fyrir augum að sjá hvernig við getum unnið betur saman.

SAMSTARF VIÐ GRUNNSKÓLA

Markvisst er unnið með grunnskólum á Austurlandi að kynningum á námi við skólann. Starfsfólk og nemendur sækja elstu nemendur grunnskólanna heim og einnig er nemendum boðið í heimsóknir í VA. *Verklegt val í VA er verkefni sem hófst haustið 2021* þar sem nemendur í 9. og 10. bekk í grunnskólum Fjarðabyggðar koma og leggja stund á tvær iðn- og starfsnámsgreinar einu sinni í viku í átta vikur. Það hefur skilað sér í auknum fjölda nemenda sem sækja um iðn- og starfsnám að grunnskólagöngu lokinni.

SAMSTARF VIÐ AÐRA FRAMHALDSSKÓLA

Víðtækt samstarf fer fram við aðra framhaldsskóla, þá helst í gegnum SMÍ, samstarf starfsnámsskólanna og Samland. Samstarfið er dýrmætt og styrkir skólann og starfsfólk hans.

ERLENT SAMSTARF

Frá árinu 2017 hefur VA verið virkur þátttakandi í erlendu samstarfi í gegnum menntaáætlun Evrópusambandsins,sem nánar má kynna sér á heimasíðu skólans. Samstarfið gefur bæði nemendum og starfsfólki dýrmæt tækifæri til að fóta sig í síbreytilegu og alþjóðlegu umhverfi 21. aldarinnar.

ÞRÓUN

Skólastarf í VA er í sífelldri þróun eins og vera ber enda á kyrrstaða litla samleið með skólastarfi. Hér má sjá nokkur dæmi um þróunarstarf í skólanum á árinu.

VINNUSTOFUR

Í upphafi vorannar 2021 var tekið upp svokallað vinnustofukerfi í skólanum. Frá þeim tíma hafa ólíkar útfærslur kerfisins verið prófaðar og rýndar af nemendum og kennurum en kerfið hefur skapað sér sess í skólastarfinu.

GERVIGREIND

Kennarar skólans hafa sótt námskeið varðandi gervigreind og mikil umræða fer fram á fundum um málefnið. Nokkrir kennarar í skólanum hafa svo verið í þróunarverkefni varðandi gervigreind og verður flott að sjá hverju það skilar inn í skólastarfið.

LEIÐSAGNARNÁM

Mikil þróun hefur verið í námsmati innan skólans síðustu annir. Hafa verið fengnir gestafyrirlesarar á sviði leiðsagnarnáms og í upphafi haustannar 2022 var ákveðið að fá heildstæðara námskeið frá Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri (MSHA) en námskeiðinu lauk í lok vorannar 2023. Í kjölfarið voru sérstakir faghópafundir kennara settir á dagskrá þar sem námsmat er meðal reglulegra umræðuefna.

VERKLEGT VAL Í VA

Eins og fyrr segir hófst verkefnið haustið 2021. Markmið verkefnsins var að auka möguleika grunnskólanema á verknámi á skólatíma og kynna betur þá möguleika sem felast í iðn- og starfsnámi með það fyrir augum að fjölga nemendum í þeim greinum. Verkefnið hefur haldið áfram síðan og hlaut Íslensku menntaverðlaunin í nóvember 2024.

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Fluttur höfuðstóll í ársreikningi frá 2024 er 63,4 millj. Rekstrarniðurstaða ársins 2025 samkvæmt ársreikningi er jákvæð um 37,8 milljónir. Allar áætlanir VA gera ráð fyrir að uppsafnaður rekstrarafgangur ársins 2025 verði notaður í rekstri skólans á árunum 2026-2028 (sjá í skilum á “áætlun um tekjur og gjöld 2026-2028").

Afkoma ársins 2025	
Allar tölur í milljónum króna	
Fjárheimild ársins	-663,8
Sértekjur VA	-71
Launakostnaður	488
Annar rekstur	209
Afkoma ársins	**-37,8**
Höfuðstóll.frá 2024	-63,4
Samtals eignir 31.12.25	-101,2

Fjárfesting ársins	14,7

UMHVERFISMÁL

Í Verkmenntaskóla Austurlands er rík áhersla lögð á umhverfismál. Skólinn hefur verið þátttakandi í verkefninu *Skólar á grænni grein* frá haustinu 2016 og á haustönn 2020 hófst starf við innleiðingu *Grænna skrefa í ríkisrekstri* sem lauk með því að skólinn fékk vottun á öll fimm grænu skrefin vorið 2022.

UMHVERFISNEFND OG GRÆNFÁNI

Skólinn hefur fengið Grænfánann alls fjórum sinnum. Umsjón Grænfánaverkefnins er í höndum umhverfisnefndar skólans en í henni sitja fulltrúar nemenda og starfsfólks.

Umhverfisnefndin hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum, m.a. mælingu á matarsóun, úttekt á sorpflokkun, ýmis konar fræðslu og gerð fræðsluefnis sem tekur á mismunandi umhverfisþáttum.

Umhverfisnefndin hefur einnig verið í samstarfi við skóla erlendis um verkefni tengdu orkunotkun og orkunýtingu.

HÚSNÆÐI

Eins og fram hefur komið í fyrri ársskýrslum er húsnæði skólans um margt gott hvað kennslu-aðstöðu varðar. Það á þó helst við um aðstöðu til bóknámskennslu en aðstaða verknámsdeilda er löngu sprungin. Þar er mikilvægt að bætt verði úr en skólinn hefur lagt áherslu á að byggt verði yfir byggingaiðndeild skólans. Með því móti, samhliða breytingum, mætti vel bæta úr aðstöðuleysi deilda og auka nýtingu og aðbúnað þegar aðsókn er mikil. Eins og staðan er í dag býður húsnæðið ekki upp á fulla nýtingu með tilliti til stærðar nemendahópa sem kemur niðri á rekstrarforsendum skólans.

Í Verkmenntaskóla Austurlands sem og öðrum framhaldsskólum er mikil aðsókn í verk- og tækninám sem veldur aukinni húsnæðisþörf fyrir þessar greinar. Það var því mikilvægt skref þann 11. maí 2022 þegar mennta- og barnamálaráðherra,skólastjórnendur og bæjarstjóri undirrituðu yfirlýsingu varðandi mögulega stækkun á húsnæði Verkmenntaskóla Austurlands sem var áætluð á árinu 2025. Hins vegar er ekki útlit fyrir að það standist þar sem lítið sem ekkert hefur hreyfst í málinu síðan yfirlýsingin var undirrituð og nú er byggingin ekki til staðar í fjármálaáætlun til ársins 2031. Það er lykilatriði að þetta komist af stað sem fyrst og langþráð bygging verði að veruleika.

Við VA er starfrækt heimavist með góðum aðbúnaði fyrir nemendur ... og ekki spillir umhverfið fyrir!
VERKMENNTASKÓLI AUSTURLANDS

GÆÐAMÁL

Í Verkmenntaskóla Austurlands eru árangur og gæði skólastarfsins markvisst metin eins og gert er ráð fyrir í lögum um framhaldsskóla og er nánar útfært í reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum (700/2010). Innra mat skólans er mjög virkt og samofið annarri starfsemi hans.

INNRA MAT

Frá árinu 2014 hefur verið unnið að innleiðingu á gæðakerfi samkvæmt ISO 9001 staðlinum. Á vordögum 2021 náðist sá áfangi að formleg vottun fékkst á kerfið og árlega fer skólinn í viðhaldsúttektir sem staðfesta að skólinn uppfylli áfram kröfur ISO-9001 staðalsins. Á haustönn 2024 fór skólinn í endurvottun og fékk áframhaldandi vottun til næstu þriggja ára.

Gæðastjórnunarkerfi skólans er mjög öflugt með afar virku gæðaeftirliti og innri úttektum kerfisins sjálfs. Gæðastjórnunarkerfið hefur vaxið og í raun má segja að um rekstrarstjórnun sé að ræða í dag þar sem kerfið tekur mið af kröfum staðalsins, ytri kröfum eins og lögum, reglugerðum og Aðalnámskrá framhaldsskóla ásamt því sem eigin kröfur skólans verða sífellt umfangsmeiri þáttur kerfisins.

Á heimasíðunni, www.va.is, má lesa nánar um sjálfsmat skólans og fyrir áhugasama er vert að benda á skýrslurnar Rýni stjórnenda sem skrifaðar eru í lok hvers skólaárs. Þar má fá afar góða yfirsýn yfir gæðastarf skólans ásamt stefnu fram á við til stöðugra umbóta.

JAFNLAUNAVOTTUN

Innleiðing jafnlaunakerfis samkvæmt ÍST 85 staðlinum hefur haldist í hendur við innleiðinguna á gæðakerfinu. Lauk innleiðingunni með því að vottun fékkst í febrúar 2020. Vottunin staðfesti að skólinn starfræki jafnlaunakerfi og tryggja á að málsmeðferð og ákvarðanir í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Viðhaldsúttektir hafa verið framkvæmdar árlega og endurvottun fór fram árið 2023 sem staðfestir að skólinn starfar samkvæmt staðlinum. Faggilta vottunarstofan iCert sér um vottun á báðum kerfum.